



Kennsluáætlun 2022-2023

Námsgrein: Samfélagsfræði

Árgangur: 8.-10.b

Kennari: Karítas Heiðbrá Harðardóttir

netfang:karitas@klaustur.is

Almennt: Samfélagsfræðin verður kennd í lotum allan veturinn. Verkefni verða stofnuð í mentor sem nemendur vinna að í lotunni og eiga að ljúka við á tímanum. Nemendur vinna að mestu í hópum þar sem áhersla verður lögð á samvinnu og að virkja alla til þáttöku.

Helstu markmið:

- Að nemandi geti tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Að nemandi geti komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.

Hlekkur á aðalnámskra

<https://vefir.mms.is/namsmat/pdf/haefnividmid/samfelags/samfelagsgreinar.pdf>

Námsgögn:

Stuðst verður við bækur til upplýsingaöflunar, bókasafn, viðtöl og netið.

Verkefni:

Nemendur klára lotur sem stofnaðar verða í mentor og skila í lok hvernar lotu. Verkefni verða í formi skissu- og úrklippubóka, kynninga í tölvum, upptökum, plakötum og fleira. Metin verða neðantöld markmið við hverja lotu.

Tímabil	Yfirferð námsefnis og námsmat	Kennsluaðferðir	Tengin við lykilhæfni og hæfniviðmið
Haustönn 22.sept-7.október	Sprotaverkefni- staðarvitund (Heimabyggð, sjálfsskoðun, stjórnsysla, heimsmarkmið,fl)	Umræður, rökræður, samtöl, vefleiðangrar, kynningar, spil, sköpun, klippibók, vinnustaðaheimsókn og fleira)	-Hæfni nemanda til að skilja veruleikann (umhverfið, samfélagið, söguna og menninguna) sem hann hefur fæðst inn í, byggist á þeirri reynslu sem hann hefur orðið fyrir. -Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér byggist á því hvaða mynd hann gerir sér af sjálfum sér(og öðrum) í eigin huga. -Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra byggist á þeim félagsskap sem hann hefur tekið þátt í.
10.okt-18.nóv	Heimastjórn 1800- Stríðsárin á Íslandi 1939-1945, seinni heimstyrjöldin.	Kennslubækur um Stríðsárin og verkefni. Kvikmyndir og heimildarmyndir, internetið og vefleiðangrar, leikræn tjáning, bókasafn, rökræður, umræður, kynningar, myndbandagerð, dagbókargerð.	-kynnist farveg stjórnmála: kosningarétt, stofnun stjórnmálaflokka og stefnumál - kynni sér gang seinni heimsstyrjaldar t.d. hlutaskipti Norðurlanda, hlutskipti Breta, Frakka, Sovétmanna og Þjóðverja -þekki atburðarás stríðsáranna í stórum dráttum - sjái hernám Breta í ljósi stríðsins í Evrópu og hlutleysis Ísland - þekki áhrif herasetunnar á atvinnulíf, viðskipti og tækni

<p>21.nóv-20.des</p>	<p>Trúarbragðafræði Nemendur kynnst helstu trúarbrögðum í heiminum og útbreiðslu þeirra.</p>	<p>Þemabækur um trúarbrögð, trúarbragðavefurinn, myndbönd, upplýsingaöflun á netinu og bókasafni. Kynningar á helstu trúarbrögðum og heimsókn til prests. Nemendur búa til bók með kynningu á helstu trúarbrögðum í tölvum eða skriflega.</p>	<p>- kanni þróun kjördæmaskipunar á Íslandi og helstu álitamál sem hana varða - þjálfist í að greina þráð atburða og aðstæðna og skilgreina meginatriði</p> <p>-ígrundað víxlverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nær samfélags og hnattvæðingar, -útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga, - fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins, sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákni kristni og annarra helstu trúarbragða heims, - rætt og borið saman ólík trúar og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt, - greint áhrif Biblíunnar og helgiritanna annarra</p>
----------------------	--	---	--

			<p>helstu trúarbragða á menningu og samfélög, - útskýrt trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum</p>
<p>3.jan-23.feb</p> <p>Vorönn</p>	<p>Heimsálfur og norðurlöndin. Heimsreisn er landafræði þema þar sem nemendur kynna sér heimsálfurnar 7 og fjölmörg lönd í gegnum fjölbreytt verkefni.</p>	<p>Nemendur skipuleggja heimsreisnu í eitt ár með viðkomu í norðurlöndunum. Þau eiga að finna sér vinnu við hæfi í 10 löndum þar sem þau gefa sér að vera mánuð í hverju landi, stað til að búa á og kynna sér menningu hvers lands. Þau geta valið um að vinna í hóp eða ein. Nemendur skrá heimsreisnuna í dagbók og velja hvort þau vinni hana í tölvum eða skriflega. Kortabókavinnu, netleiðangrar, kynningar, dagbók.</p>	<p>- aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.</p> <p>- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum</p> <p>- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.</p> <p>- sýnt sjálfsga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.</p> <p>Lykilhæfni: Að nemandi geti: - nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan hátt.</p> <p>- notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og viðeigandi hugtök sem tengjast margskonar umfjöllunarefnum.</p> <p>- tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.</p>

<p>1.mars-28.apríl</p>	<p>Forvarnir og fordómar. Þetta verkefni gæti dregist fram á vor og tengist annars vegar forvörnum og fræðslu á ávinabindandi efnum og hins vegar hvernig forvarnir og fræðsla geti komið í veg fyrir einelti og fordóma.</p>	<p>Nemendur vinna þessi verkefni að mestu í hópavinnu og kynningum í ýmsu formi. Þau fá kennslu frá kennara um efni hvers viðfangs og afla sér einnig ýtarlegra upplýsingar sjálf. Þau eiga síðan að búa til forvarnarfræðslu sjálf í formi myndbands,plakats eða kynningar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi. - nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings námi sínu. -sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs, - rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund, - gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfspækingar, -sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði. -greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða. -sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.
<p>2.maí-25.maí</p>	<p>Kynjafræði og kynbundið ofbeldi</p>	<p>Nemendur fá fræðslu í kynjafræði, hugtökum og skilgreiningum. Einnig verður farið í kynbundið ofbeldi og</p>	<p>-beitt hugtökum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi</p>

		mismunandi birtingarmyndir þess. Lotan verður í formi kynninga, myndbanda og gerð upplýsingabæklinga og fræðsluefnis.	einstaklinga og sjálfsmynd. -gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.
--	--	---	---

Námsmat:

<p>Lögð verður áhersla á leiðsagnarmat, sjálfsmat, jafningjamat og samvinnu. Metið er hvort nemandi hafi náð hæfniviðmiðum hér að ofan. Verkefni og vinna í tímum með umsögn.</p> <ul style="list-style-type: none"> *framúrskarandi árangur *hæfni náð *á góðri leið *þarfnast þjálfunar
--